



## IOTA Fundargerð

Fundur haldinn á hótelinu á Ísafirði 4. desember 2019 kl. 18:30.

1. Fundur settur með því að kveikt var á kertum vináttu, trúmennsku og hjálpssemi.
2. Nafnakall, 16 konur mættar, kveðjur frá þeim sem ekki gátu verið með
3. Orð til umhugsunar: Anna Lind Ragnarsdóttir fjallaði hún um skólamál í tengslum við niðurstöður úr PISA, spurði hún; hvers vegna alltaf skólinn af hverju ekki foreldrarnir/heimilin? Uppeldið og fræðslan eiga að byrja á heimilinum, síðar taka skólarnir að sér lögbundið nám og kennslu. Lagði Anna áherslu á mikilvægi þess að kenna börnum samkennd, framkomu og að bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.
4. Rifjuð upp nokkur atriði frá síðasta fundi.
5. Borið fram smurbrauð. Deildin greiddi fyrir hluta af kostnaði.
6. Una Þóra Magnúsdóttir gestur fundarins sagði frá skemmtilegri gönguferð sem hún fór í til Nepal ásamt sjö öðrum konum héðan að vestan. Sagði Una að það hafi verið margt að sjá, en erfitt og tekið á en að sama skapi mjög skemmtilegt. Frásögn Unu var einstaklega lifandi og fróðleg.
7. Næsti fundur verður 13. janúar heima hjá Barböru.
8. Slökkt á kertunum og fundi slitið 20:45

Að þessu sinni sungum við nokkur jólalög við undirleik Olgu og var það mjög skemmtilegt.